

Íbúalýðræði – hver er reynslan?

Staðbundið lýðræði er íslensk þýðing á enska hugtakinu „Local Democracy“ og vísar sérstaklega til sveitarstjórnarstigsins og þess verklags að íbúar eigi skilgreinda aðkomu að ákvarðantöku, umfram það að kjósa á fjögurra ára fresti.

Ef horft er á þá stöðu sem nú ríkir í íslensku þjóðfélagi og í hinum vestræna heimi, er ljóst að þau kerfi sem við höfum skapað til stjórnunar og skipulags í samfélaginu, riða til falls. Staðan kallar á breytingar á því hvernig við iðkum lýðræðið.

Við þekkjum fjölmörg dæmi af því þegar íbúar og hagsmunaaðilar hafa andmælt ákvörðunum sem þeir telja sig varða. Fjölmargir finna sig ekki í því að taka þátt í skipulögðu pólitísku starfi en vilja eftir sem áður hafa áhrif á umhverfi sitt og mál sem snerta hagsmuni þeirra eða eru þeim hugleikin.

Smæð íslensks samfélags hefur gert það að verkum að aðgengi að ráðamönnum er gott. Fólk vílar ekki fyrir sér að hringja í fulltrúa í sveitarstjórn, bæjarstjóra, alþingismann eða ráðherra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sem síðan hafa hugsanlega áhrif á ákvarðanir. Það má því varpa fram þeirri spurningu hvort staðbundið lýðræði ríki þá kannski í reynd í hinu opinbera stjórnkerfi á Íslandi. Gallinn við þetta „verklag“ er hins vegar sá að það ríkir ekki gagnsæi. Í stað þess að öllum sé boðið að koma sjónarmiðum á framfæri ræðst það af frumkvæði viðkomandi og e.t.v. af aðgengi að ráðamönnum. Þegar síðan ákvörðun liggur fyrir, kemur ekki fram hvernig skilaboð þeirra sem létu til sín heyra höfðu áhrif á niðurstöðuna.

Undanfarin átta ár hefur greinarhöfundur starfað á þeim vettvangi sem kallast „þátttaka almennings“ m.a. við íbúáþing í á þriðja tug sveitarfélaga. Áhugi sveitarstjórna á slíkum samræðuvettvangi sýnir í verki vilja til að eiga aukna samvinnu við íbúa. Tílefni þeirra íbúáþinga sem hér um ræðir, hafa verið margskonar, oftast skipulagsmál og önnur stefnumótun í ýmsum málaflokkum eins og Staðardagskrá 21 og skólamállum, svo dæmi séu tekin. Íbúáþingin hafa verið vettvangur sem stýrt ef af hlutlausum aðilum og þar sem allir hafa haft jafna möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Árangurinn hefur m.a. falist í því að samræða og hlustun milli og á meðal íbúa og sveitarstjórna hefur aukið skilning á báða bóga. Oft hefur orðið til skýrari sýn á framtíðina og þær áherslur sem íbúar vilja hafa í öndvegi. Þing sem snúist hafa um framtíðarsýn og hugmyndavinnu við upphaf aðalskipulagsvinnu hafa oftast reynst gagnleg. Í sumum tilvikum hafa íbúáþing átt þátt í að samfélög hafa komist upp úr hjólförum neikvæðrar umræðu og snúið vörn í sókn.

Íbúáþing hafa líka ákveðnar takmarkanir. Þegar sveitarstjórn býður íbúum til samræðu verða til væntingar á báða bóga. Mikill og góður efniviður sem þingin hafa skilað kallar á markvissa eftirfylgni. Þar hefur því miður oft vantað á. Til lengri tíma lítið hafa of mörg íbúáþing skilað of litlu miðað við tilkostnað og þær væntingar sem voru kveiktar. Eftirfylgni við hugmyndir og ábendingar sem fram hafa komið á íbúáþingum og þær breytingar sem þarf til þess að þátttaka almennings verði innbyggð

Í verklag, kallar á skýran ásetning leiðtoga, einbeitingu og vinnu. Oft eru stjórnkerfi sveitarfélaganna of fámenn og/eða störfum hlaðin og verkefnið reynist þeim ofviða.

Reynslan sýnir að sú leið að bjóða íbúum til opinna funda með hefðbundnu fundarformi skilar ekki alltaf árangri. Annmarkarnir eru meðal annars þeir að þar koma oft þeir sem „alltaf mæta“ og vantar sjónarmið þeirra sem kjósa að sitja heima. Umræður geta líka oft orðið einhliða og einkennst af „vörn“ og „sókn“. Allur gangur er á því hvort málum er þokað áfram eða hvort skapast hefur aukinn skilningur milli ólíkra sjónarmiða og hagsmuna.

Í næstu tveimur greinum verður fjallað um það sem er að gerast hér á landi og víða erlendis í þátttöku almennings og hver gætu verið næstu skrefin í þessu nýja „þroskastigi“ lýðræðis, ekki síst í ljósi nýrra aðstæðna.